



Hafnarfjörður

Minnisblað

Efni: Samningur um samræmda móttöku flóttamanna Lagt fyrir fund fjölskylduráðs 18. október 2022


Þann þann 17. október eru 307 flóttamenn í þjónustu deildar umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks hjá fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar. Þar af eru 295 í samræmdri móttöku. Börn á flóttu í sveitarfélaginu sem eru með dvalarleyfi eru 69.

Samningur um samræmda móttöku flóttafólks rann út 31. mars sl. Frá þeim tíma hafa engar greiðslur borist frá ríkinu fyrir þá sem eru sannarlega í samræmdri móttöku. Fyrir liggja drög að nýjum þjónustusamningi um samræmda móttöku flóttafólks. Veruleg undirfjármögnun er á aðstoð við flóttabörn í leik- og grunnskólum og virðist ríkið ekki ætla að taka þátt í þeim kostnaði nema að óverulegu leiti.

Í kröfulýsingu með samningnum segir: „Þjónustusali tryggir, að notanda standi til boða húsnæði til leigu, hvort sem það er á almennum markaði eða félagslegt húsnæði, að jafnaði innan átta vikna frá því að hann hefur þegið boð sveitarfélagsins um móttöku.“ Lagt er til að gerð verði eftirfarandi breyting á kröfulýsingunni: „Þjónustusali tryggir, *eins og kostur er*, að notanda standi til boða húsnæði.....“ Jafnframt er lögð áhersla á að allt flóttafólk sem fær stöðu og er búsett í sveitarfélaginu fari inn í samræmda móttöku.

Á meðan ekki er skrifað undir samninginn um samræmda móttöku eykst álag á starfsfólkið sem sinnir þjónustunni þar sem ekki kemur inn fjármagn frá ríki. Lagt er til að að skrifað verði undir samning um samræmda móttöku flóttafólks og samþykkt verði að veita að hámarki 400 notendum þjónustu á 1. ári í samræmdri móttöku. Með því móti væri sveitarfélagið að fá fjármagn frá ríki vegna þeirra flóttamanna sem eru nú þegar að fá þjónustu. Mikilvægt er að slakað sé á kröfunni um að Hafnarfjarðarkaupstaður útvegi öllum húsnæði og kröfulýsingu breytt í þá veru.

Hafnarfjörður 17. október 2022.


Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs